

Alþingi
Erindi nr. P 135/33
komudagur 2/35/33⁰⁰⁷



Náttúruvísindisstofnun
við Mývatn

Skútustaðir, 660 Reykjahlíð · Kt.: 691293-2629
Sími/fax: 464 4281 · Netfang: myvatn@rhi.hi.is
Vefsíða: www.hi.is/HI/Stofn/Myvatn

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
Reykjavík

Skútustöðum 25. október 2007


Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis frá 18. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn um þann hluta fjárlagafrumvarps fyrir 2008 sem fjallar um umhverfisráðuneytið.

Náttúruvísindisstofnunin við Mývatn (RAMÝ) er ein af stofnunum Umhverfisráðuneytisins og er lýsing á markmiðum og leiðum að finna í hjálögðum skjölum. Umsögn stofnunarinnar einskorðast við það sem að henni lýtur sérstaklega.

Upphæðin í fjárlagafrumvarpinu er til orðin eftir ítarlega yfirferð á starfsemi og skyldum RAMÝ í góðri samvinnu við ráðuneytið. Um hana ríkir góð sátt. Gert er ráð fyrir að sértekjur, sem jafnan eru styrkir úr vísindasjóðum og sjaldnast á vísan að róa, leiði ekki til skerðingar á framlagi ríkisins. Er það vel.

Fyrirsjáanlegt er þó að framlag til RAMÝ þurfi að hækka í framtíðinni vegna húsnæðismála. (1) Kosta þarf viðgerðir og viðhald á gamla prestshúsinu að Skútustöðum sem RAMÝ hefur til afnota og (2) auka þarf við húsnæðið, helst með kaupum á viðbótarhúsnæði í Skjólbrekku (félagsheimili). Leitað mun verða eftir viðbótarfé til þessara hluta eftir hefðbundnum leiðum innan stjórnkerfisins, en RAMÝ nýtur ekki sömu hlunninda og t.d. náttúrustofur sem sveitarfélögin útvega húsnæði.

Með góðum kveðjum


dr. Árni Einarsson, forstöðumaður

hjálagt:

Tvö skjöl um markmið, leiðir og starfsemi Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn

NÁTTÚRURANNSÓKNASTÖÐIN VIÐ MÝVATN

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Náttúra Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá og vatnasvið þeirra er lífríkt og fjölbreytt vatnakerfi sem á sér enga hliðstæðu á jörðinni. Svæðið nýtur sérstakrar verndar með lögum og alþjóðasamningi. Það laðar að sér fjölda ferðamanna og fóstrar jafnframt mikið mannlíf sem nýtir náttúruauðlindir þess.

Náttúra svæðisins tekur umtalsverðum breytingum, m.a. vegna jarðfoks, eldvirkni, námuvinnslu, jarðhitanýtingar, ræktunar, breytinga á búfjárbreit, samgöngumannvirkja og annarrar mannvirkjagerðar.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn.

Rannsóknir

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun og fæst við rannsóknir á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það höfuðmarkmið að skilja og sjá fyrir náttúrufarsbreytingar.

Stöðin leitast við að standa í fremstu röð í rannsóknum á vistfræði vatns og lífríki vatna og vöktun þeirra. Hún stefnir að því að rannsóknir á hennar vegum standist alþjóðlegar kröfur og rannsóknaniðurstöður birtist í ritrýndum vísindaritum.

Vegna gildis langtímagagna um ástand vatns og lífríkis þess fyrir rannsóknir og ráðgjöf safnar stöðin og heldur til haga slíkum gögnum. Stöðin birtir skrá um rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra. Hún leitast við að laða til sín sérfræðipækkingu með samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og veita starfsfólki þeirra og nemendum í náttúrufræðum aðstöðu til rannsókna og hlutdeild í gagnasafni stöðvarinnar.

Miðlun þekkingar

Stöðin miðlar þekkingu á náttúru svæðisins til almennings og skóla í ræðu og riti og styður við sýningarhald og aðra fræðslu um náttúru svæðisins og nærliggjandi þjóðgarða. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að fræðslu um svæðið, verndun þess og nýtingu. Stöðin leitast við að safna og miðla gögnum um sögu og menningu svæðisins og leggur sérstaka rækt við að styðja við skólastarf á starfssvæði sínu.

Umgengni

Við rannsóknir sínar leitast stöðin við að raska ekki náttúrunni eða trufla dýralíf, og að vinna í samráði við landeigendur og aðra sem hagsmuna eiga að gæta.

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

- Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn heyrir undir **Umhverfisráðuneytið** og var stofnuð með samkomulagi við heimamenn, sem staðfest var með lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár.
- Rannsóknastöðin hefur aðsetur og lögheimili á **Skútustöðum** við Mývatn. Þar er bæði vinnu- og gistiástaða.
- Í húsakynnum stöðvarinnar fer fram fjölbreytt **rannsóknastarfsemi**, einkum er varðar vistfræði Mývatns og Laxár. Hún er í höndum sérfræðinga frá ýmsum rannsóknastofnunum og háskólum.
- **Útvinna** við rannsóknir fer einkum fram að sumarlagi, enda er lífríkið að miklu leyti í dvala á veturna.
- Samvinnuhópur sérfræðinga nýtir vetrarmánuðina til **úrvinnslu gagna**.
- Hlutverk Náttúrurannsóknastöðvarinnar í samstarfi vísindamanna um **rannsóknir á Mývatni og Laxá** er m.a. að tryggja samfellu í rannsóknagögnum (**vöktun**), útvega **aðstöðu** á vettvangi, sjá til þess að gerðar séu þær rannsóknir sem eru **grundvöllur verndunar** og leggja grunn að **veiðiráðgjöf**. Þá stuðlar hún að útgáfu og kynningu rannsóknaniðurstaðna. Rannsóknastöðin er **ráðgefandi** í umhverfismálum.
- Samningar um **gagnkvæma aðstöðu** eru við Líffræðistofnun Háskólans, Hólaskóla og Náttúrustofu norðausturlands og **samstarf** hefur verið við Náttúrufræðistofnun, Veiðimálastofnun, Veðurstofuna, Orkustofnun, Hafrannsóknastofnun, Raunvísindastofnun Háskólans, Háskólann á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.
- Samstarf er við nokkra **erlenda háskóla**, einkum University of Wisconsin, Madison, University College London, Árósháskóla, City University of New York, University of Leeds, Sapporo University (Japan) og Edinborgarháskóla. Einnig er samstarf við japanska vísindamenn frá Lake Akan Ecomuseum Center í Japan.
- Fjöldi **háskólanema**, erlendra og innlendra, hefur haft not af stöðinni og nokkrir þeirra hafa notið formlegrar handleiðslu starfsmanns stöðvarinnar.
- Fræðsla er stór þáttur í starfsemi stöðvarinnar. Stöðin átti stóran þátt í **útgáfu tveggja bóka** um Náttúru Mývatns og Laxár 1991 og 2004. **Fyrirlestrar** um Mývatn og Laxá eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði við ýmis tækifæri til að kynna rannsóknaniðurstöður. Rannsóknagögn eru gefin út í fjölrítuðum **skýrslum**. Tekið er á móti **skólahópum** frá norður- og austurlandi, einnig vatnalíffræðinemum frá HÍ og kennurum á erlendum endurmenntunarnámskeiðum auk hópa erlendra stúdenta í fornvistfræði. Rannsóknastöðin hefur tekið virkan þátt í náttúrufræðikennslu við **grunnskólann í Mývatnssveit**. Stöðin setti upp **gestastofu** fyrir Náttúruvernd

riksins (nú Umhverfisstofnun) í Reykjahlíð. Settar hafa verið upp **vefsíður** með fræðsluefni um náttúru svæðisins. Gert hefur verið **myndband** um vöktunarstarf á vegum Rannsóknastöðvarinnar og stöðin hefur stutt við bakið á gerð fjölmargra **náttúrulíffsmynda**, m.a. fyrir BBC, Magnús Magnússon, japanska ríkissjónvarpið (NHK) o.fl.

- Stöðin er virk í **alþjóðlegu vísindasamfélagi**. Hún hefur staðið fyrir tveimur fjölþjóðlegum ráðstefnum um vatnalíffræði með áherslu á Mývatn og Laxá og markvisst er unnið að því að birta niðurstöður í alþjóðlegum fræðiritum.
- **Vöktun lífríkis** í Mývatni og Laxá er eitt af höfuðviðfangsefnum rannsóknastöðvarinnar.
- Vöktunin felst í því að skrásetja **ástand lífríkisins** með reglubundnum hætti ár eftir ár. Markmiðið er (a) Að fá gögn um breytileika í lífríkinu milli ára og yfir lengri tímabil; (b) að koma auga á langtímabreytingar svo að unnt verði að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða ef með þarf og (c) að greina hvaða þættir lífríkisins breytast í takt, svo að setja megi fram líklegar tilgátur um orsakatengsl.
- Eftirfarandi þættir eru **vaktaðir** fyrir atbeina eða með fulltingi stöðvarinnar:
 - 1) **Vatnafuglar** í Mývatnssveit og á Laxá. 2) Fuglar á Ytriflóa (sérvöktun vegna námuvinnslu). 3) **Silungur** í Mývatni. 4) **Hornsíli** í Mývatni. 5) **Mýflugustofnar** í Mývatni og Laxá. 6) **Botnkrabbar** í Mývatni. 7) **Botngróður** í Mývatni. 8) **Dýra- og plöntusvif** í Mývatni. 9) **Rek** í Laxá. 10) **Vatnshiti**. 11) **Sjónkýpi**. 12) **Efnasamsetning** lunda. 13) **Veður** (með aðstoð Veðurstofunnar). 14) **Vatnshæð** og vatnsrennsli (Orkustofnun). 15) **Seiðastofnar Laxár** (með aðstoð Veiðmálastofnunar og veiðifélaga). 16) **Svartárvatn, Víkingavatn og Svarfaðardalur** (mý, fuglar og hornsíli (til samanburðar við Mývatn). 17) **Rjúpnastofninn** í Þingeyjarsýslum (Náttúrufræðistofnun). 18) **Fálkastofninn** í Þingeyjarsýslum (Náttúrufræðistofnun).
- Helstu **rannsóknaverkefni** sem nú eru í gangi (auk vöktunarinnar):
 - 1) Hvernig hafa **fæðuskilyrði** áhrif á stofnstærð vatnafugla á Mývatni og Laxá? 2) Hver er **drifkraftur sveiflna** í fæðukeðjum Mývatns? 3) Hvernig **hefur lífríkið breyst** í aldanna rás? 4) Vistfræði **kúluskíts** í Mývatni 5) Kortlagning á fornum **garðlögum** í Þingeyjarsýslum.
- Rannsóknastöðin hefur einn fastan **starfsmann**, (Árni Einarsson, búsettur á Skútustöðum). Aðrir starfsmenn hafa verið ráðnir tímabundið í sérstök verkefni. Umhverfisstofnun annast skrifstofuhald skv. þjónustusamningi.